



## GÆÐASTEFNA

Brim hefur að leiðarljósi, að veita þjónustu og framleiða afurðir, sem uppfylla væntingar viðskiptavina hvað varðar gæði, öryggi og áreiðanleika. Í þessu skyni hefur Brim í sinni þjónustu hæft og þjálfað starfsfólk og uppfyllir staðla alþjóðlega viðurkenndra gæðakerfa.

### GÆÐAMARKMIÐ

#### ÞARFIR VIÐSKIPTAVINA

- Að hafa stjórnunarkerfi, sem uppfylla kröfur alþjóðlegra staðla, laga og reglugerða, sem gilda í starfsumhverfi Brims.
- Að vörur fullnægi þörfum og væntingum viðskiptavina og standist gæða- og öryggiskröfur þeirra og fyrirtækisins.
- Að vörur séu afhentar í réttu magni, á réttum tíma, á réttan stað og í réttu ástandi, hvað varðar umsamda gæða- og öryggiseiginleika hverju sinni.
- Að ekki verði mistök í framleiðslu fyrirtækisins, sem gefi tilefni til kvartana.

#### HRÁEFNISÖFLUN

- Að afla hráefnis úr fiskistofnun undir ábyrgri veiðistjórnun og innleiða rekjanleika, sem uppfyllir kröfur um ábyrga stjórnun fiskveiða.

#### UMHVERFISÁBYRGÐ

- Að nota sem mest endurnýjanlega orku.
- Að mæta kröfum um útblástur gróðurhúsalofttegunda og svifryks á veiði- og flutningatækjum fyrirtækisins.
- Að grófhreinsa frárennslisvatn frá vinnslu fyrirtækisins.

#### SIÐFERÐI OG STARFSMENN

- Að veita starfsfólki reglubundna þjálfun og tækifæri til menntunar í þeim tilgangi að gera það hæfara að sinna starfi sínu.
- Að ástunda réttmæta viðskiptahætti, s.s. varðandi vigt, talningar og upplýsingar á umbúðum afurða.

#### GÆÐAVIDMIÐANIR

- Að tryggja að ekki greinist örverur, aðskotahlutir, óhreinindi, meindýr eða kemísk efni, sem rekja má til ófullnægjandi þrifa.
- Að uppfylla lög og reglur heilbrigðisyfirvalda.
- Að koma í veg fyrir atvik sem rekja megir til vanrækslu við þrif á framleiðslubúnaði eða framleiðsluaðstöðu.
- Að ná rekstrarlegri hagkvæmni í vinnuferlum stjórnunarkerfisins með því að beita markvissu og stöðugu úrbótastarfi.

17.09.2019

Egir Páll Friðbertsson

Framkvæmdarstóri Brims hf.